



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Ársskýrsla

Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

2017

©Rannsóknamiðstöð ferðamála

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Sími: (+354) 460 8930
Rafpóstur: rmf@unak.is
Veffang: www.rmf.is

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2017


Ritstjóri: Eyrún Jenný Bjarnadóttir
Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála
Prentun: Stell (www.stell.is)

Forsíðumynd: Ferðamenn við Geysi © Michaël Bishop

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	1
Í baksýnisspeglinum – RMF árið 2017	3
Um RMF	4
Rannsóknaverkefni.....	7
Ráðstefnur og viðburðir	14
Rannsóknasamstarf	19
Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF	21
Útgefið efni	22
Fyrirlestrar og erindi	23



*Horft yfir Öxarfjörð
Mynd: Þórný Barðadóttir*



Lambgil í Hestfirði
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Ávarp stjórnarformanns

Við höfum fundið nýtt gullegg í hreiðrinu. Hver hefði trúað því fyrir fimm árum að sjávarútvegur yrði í dag ekki hálfdrættingur á við ferðaþjónustu í öflun gjaldeyristekna þjóðarinnar? Samt er það svo. Gjaldyristekjur þjóðarinnar af erlendum ferðamönnum eru mun hærrí en af sjávarafurðum og álafurðum samanlagt! Þess voru engin merki fyrir áratug að þessi atvinnugrein væri um það bil að taka fram úr öllum hinum. Og það er næstum eins og við trúum því ekki enn. Við fylgjumst agndofa með fjölgun ferðamanna ár frá ári, sjáum hótelin spretta upp eins og gorkúlur, húsnæðismarkaðinn gerbreystast, undrumst yfir að ekki skuli vera laust borð á veitingahúsi í miðri viku eða að þurfa að panta gistingu með margra mánaða fyrirvara, furðum okkur á mannfjöldanum og öllum þessum tungumálum – en trúum því ekki að þetta sé í alvöru. Að ferðaþjónustan sé alvöru atvinnugrein sem sé komin til að vera. Gjaldyristekjur eru auðvitað ekki það sama og arðsemi atvinnugreinar - en engum blöðum er um það að fletta, að ferðaþjónusta er atvinnugrein sem verður að taka alvarlega.



Guðrún Pétursdóttir

Íslendingar hafa alla tíð lifað af náttúruauðlindum. Nýtt náttúruna sér til framfæris, með misjöfnum árangri, eins og dæmin sanna. Stundum reytt gullgæsina inn að beini. Svo áttuðu menn sig á því að til þess að nýta auðlind af viti, verða menn að þekkja hana. Rannsóknir eru forsenda skynsamlegrar auðlindanýtingar. Með Hafrannsóknastofnun náðu menn tökum á nýtingu fiskistofnanna og komu í veg fyrir að þeim yrði útrýmt hér eins og gerðist við Nýfundnaland.

Ferðaþjónustan nýtir líka auðlindir. Fyrst og fremst einstætt landslag og náttúrufar sem víða er mjög viðkvæmt. En einnig mannauð, sem þarf að geta og vilja mæta þessum miklu breytingum. Og samfélagið, innviðirnir, félagsauðurinn, verða líka fyrir miklum áhrifum. Þessari nýju nýtingu auðlinda verður að stýra með þekkingu að leiðarljósi. Sú þekking er ekki til staðar, rannsóknir á eðli og áhrifum ferðamennsku hér á landi eru rétt að skríða af stað. Við erum með ofurviðkvæmar auðlindir í höndunum, sem geta orðið helsta tekjulind þjóðarinnar til frambúðar, ef – og aðeins ef – rétt verður að málum staðið. Til þess verður að stórefla rannsóknir án tafar. Við verðum að skilja hvernig við getum hámarkað arð þjóðarinnar til langs tíma með minnstum neikvæðum áhrifum á auðlindina.

Hvað þolir landið, hvernig er hægt að stýra ferðamannastraumum, hvað gefur hver tegund ferðamennsku af sér, hvað þola heimamenn, hvers vænta gestirnir, hvernig veitum við góða þjónustu, hvernig má hámarka ávinning heima í héraði og þjóðarinnar í heild til langs tíma litið?

Það er einhugur um nauðsyn Hafrannsóknastofnunar, farsæl stjórnnum sjávarauðlinda er byggð á starfi hennar. Nú verðum við að mæta nýrri áskorun með sama stórhug – rannsóknir á auðlindum ferðaþjónustu eru jafn aðkallandi og hafrannsóknir. Auðlindin er ofurviðkvæm og engin landhelgi ver hana ofnýtingu. Miklar framfarir hafa orðið í söfnun gagna um ferðaþjónustu og framsetningu þeirra undanfarið, en gögn nýtast ekki nema unnið sé úr þeim, svo hægt sé að draga ályktanir.

Þótt allur fiskiskipafloti heims stímdi á Íslandsmið kæmist hann ekki lengra en að landhelginni. Auðlindir ferðamála eiga enga landhelgi, þær liggja galopnar og ofnýting blasir við. Það verður að stýra nýtingunni af viti. Til þess þarf samhæft stóratök í rannsóknum og samvinnu allra sem að málaflokknum vinna. Ég heiti á stjórnvöld að bregðast strax við þessari miklu áskorun. Gulleggið er að veði.

Dr. Guðrún Pétursdóttir

Stjórnarformaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

RMF í starfi og leik



Eyrún og Þórný á norrænni ferðamálaráðstefnu í Falun í Svíþjóð í október þar sem þær kynntu sínar rannsóknir



Sólin skín ekki alla daga! Útfyllt spurningablöð ferðamanna liggja til þeirris eftir rigningardag á Akureyri



Í júní flutti Gunnþóra Ólafsdóttir boðserindi í málstofu um lykilinn að sjálfbærri þróun ferðamannastaða á Íslandi, sem fjármála- og efnahagsráðuneytið, Seðlabanki Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skipulögðu. Tilfnið var nýútkomin skýrsla OECD um íslensk efnahagsmál.



Sjálfra forstöðukonu RMF með samstarfsfólki í lok vel heppnaðs Þjóðarspegils í október



Í desember var farið í starfsmannuferð í Skagafjörð. Í ferðinni heimsóttu starfsmenn ferðamálaeild Háskólans á Hólum og fóru í skoðunarferð um Hóla í boði rektors áður en haldið var í rökkurgöngu í Glaumbæ og jólamáltíð í Áskaffi. Þá var Gestastofa sútarans og Verið – vísindagarðar heimsótt, þar sem myndin að ofan var tekin. Að lokum áttu starfsmenn góðan hádegisfund með verkefnastjóra atvinnu-, menningar- og kynningarmála hjá sveitarfélaginu Skagafirði.



Forstöðukona RMF flutti erindi á Ferðamálaþingi 2017. Í erindinu Hefur ferðaþjónustan gleypst Ísland? Hugleiðingar um ferðaþjónustu og samfélag ræddi Guðrún Þóra meðal annars þær gríðarlegu breytingar sem greinin hefur staðið frammi fyrir á undanförunum árum, auk þess að setja greiningar í samhengi umbreytinga sem fylgt hafa öðrum umskiptum í atvinnuháttum þjóðarinnar. Dagný Reykjalín hannaði þessa mynd.

Í baksýnispeglinum – RMF árið 2017

Starfsemi RMF var með hefðbundnum hætti árið 2017 þar sem megin þungi starfsins fólst í undirbúningi rannsóknaverkefna, gagnasöfnun, úrvinnslu, skýrsluskrifum og kynningu niðurstaðna.

Mikil áhersla var á að efla tengsl og styrkja samstarf bæði innanlands og utan. Þannig sátu starfsmenn RMF fundi í hinum ýmsum stofnunum og samtökum en einnig fékk RMF ýmsa góða gesti í heimsókn á árinu. Má þar nefna forstöðumann Minjastofnunar, framkvæmdastjóra Stjórnstöðvar ferðamála, kanadíska sendiherrann á Íslandi og menningarfulltrúa bandaríska sendiráðsins. Þá var nokkuð um heimsóknir frá erlendum háskólanemum og erlendum blaðamönnum. Tengslanetið var einnig eftt á ráðstefnum um ferðamál hér á landi og erlendis þar sem starfsmenn RMF miðluðu niðurstöðum rannsókna sinna.



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Þá stóð RMF fyrir ýmiss konar viðburðum á árinu, ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðrar stofnanir. Einn umfangsmesti viðburður ársins var alþjóðlegt málþing um mismunandi leiðir til að takast á við mikinn vöxt í ferðamennsku. Málþingið var hluti af alþjóðlegri ráðstefnuröð um ábyrga ferðamennsku á áfangastöðum. Í kjölfar ráðstefnunnar voru stofnaðir rannsóknahópar með innlendum og erlendum rannsokendum en markmiðið með hópunum er að yfirfæra reynslu og þekkingu milli landa og ýta undir frekari rannsóknir á sviði ferðamála. Ferðamálin koma víða við og áhrifa ferðaþjónustu gætir víða. Því er mikilvægt að efla þverfaglegt og þverfræðilegt rannsóknarstarf sem getur stuðlað að öfluglu þekkingarsamfélagi á sviði ferðamála.

RMF bæði stýrði og tók þátt í nokkrum umsóknum í erlenda og innlenda sjóði og fyrir forverkefni til undirbúnings rannsóknasamstarfs. Því miður hlutu færstar þessa umsókna brautargengi en í sjálfri umsóknarvinnunni felst mikil þekkingarsköpun sem byggir undir frekara rannsóknarstarf og eflir sérfræðinga RMF í starfi.

Á árinu var töluvert unnið í kynningarmálum RMF: Ný nafnspjöld voru prentuð, pennar voru merktir með merki RMF sem og fjölnota pokar og hálsbönd. Áfram var unnið í uppfærslu á heimasíðu RMF enda er það lífandi vefur sem sífellt þarf á endurskoðun og endurnýjun að halda. Facebook síða RMF fór svo í loftið á haustmánuðum.

Nokkrar breytingar urðu á mannauði RMF á árinu. Í janúar kom dr. Edward H. Huijbens úr rannsóknaleyfi en í apríl fór hann í fullt starf hjá Háskólanum á Akureyri. Í lok ágúst lét dr. Gunnþóra Ólafsdóttir af störfum. Bæði Edward og Gunnþóra halda þó áfram samstarfi við RMF í gegnum ýmis rannsóknarverkefni. Í lok sumars hóf störf dr. Auður H. Ingólfsdóttir en rannsóknaráherslur hennar lúta m.a. að sjálfbærri ferðamennsku, tengslum loftslagsbreytinga og ferðamennsku og samfélagsábyrgð fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Ljóst er að skilningur ráðamanna jafnt sem atvinnugreinarinnar á þýðingu vandaðra rannsókna í ferðamálum hefur aukist. Mikilvægi þess að uppbygging ferðaþjónustu sé samfélagslega samþykkt hefur orðið mönnum æ ljósara, vöruþróun og stefna er því ekki einkamál atvinnugreinarinnar. Ferðaþjónusta er mannanna verk sem hægt er að stjórna og það er í okkar höndum að sjá til þess að hún verði jákvætt afl fyrir íslenskt samfélag. Þar skiptir þekkingarsamfélagið miklu máli. Við þurfum stöðugt að spyrja spurninga, afla þekkingar og taka ákvarðanir með upplýstum hætti á grunni fræðilegrar vitneskju og traustra gagna.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Um RMF

RMF - Rannsóknamiðstöð ferðamála - er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðapjónustunnar og Ferðamálastofu.

Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Þetta gerir miðstöðin með samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila og atvinnulíf, með útgáfu fræðiritra og annarri upplýsingamiðlun og ráðgjöf og með því að standa fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum. Öflugar rannsóknir eru forsenda stefnumótunar, áætlanagerðar og markaðssetningar í greininni. Með eflingu rannsókna verða fræðin betur nýtt til styrkingar auðlinda atvinnugreinarinnar, forsendur fagmennsku treystar og menntun eflid.

Markmið RMF eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðámálum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna sem að miðstöðinni standa á sviði ferðamála
- efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
- gefa út fræðirit og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum
- gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum

Höfuðstöðvar RMF eru í Háskólanum á Akureyri, en frá árinu 2012 hefur jafnframt verið starfrækt skrifstofa við Háskóla Íslands.



Frá aðalfundi stjórnar RMF í apríl. F.v.: Rögnvaldur Ólafsson, Oddný Þóra Óladóttir, Laufey Haraldsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Anna G. Sverrisdóttir, sem sat fundinn fyrir hönd Samtaka ferðapjónustunnar í fjarveru Bjarnheiðar Hallsdóttur
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Starfsfólk

- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður 100%
- Dr. Auður H Ingólfssdóttir, sérfræðingur 100% frá 1. september
- Dr. Edward H. Huijbens, sérfræðingur 50% til 1. apríl
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%
- Dr. Gunnþóra Ólafsdóttir, sérfræðingur 100% til 31. ágúst
- Þórný Barðadóttir, sérfræðingur 100%
- Valeriya Posmitnaya, sumarstarfsmaður
- Valtýr Sigurbjarnarson, sumarstarfsmaður



F.v. Þórný Barðadóttir, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Auður H Ingólfssdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
Mynd: Þórný Barðadóttir

Stjórn

Í stjórn RMF sitja tveir fulltrúar Háskóla Íslands og tveir fulltrúar Háskólans á Akureyri auk fulltrúa frá Háskólanum á Hólum, Ferðamálastofu og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Í árslok 2017 sátu í stjórn:

- Dr. Guðrún Pétursdóttir (Háskóli Íslands) formaður stjórnar
- Svanfríður Jónasdóttir (Háskólinn á Akureyri) varaformaður
- Jón Þorvaldur Heiðarsson (Háskólinn á Akureyri)
- Dr. Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)
- Laufey Haraldsdóttir (Háskólinn á Hólum)
- Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar)
- Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)



Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson fráfarandi stjórnarmenn, ásamt Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, forstöðukonu RMF
Mynd: Oddný Þóra Óladóttir

Fundir stjórnar

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár. Aðalfundur stjórnar var haldinn 26. apríl í Reykjavík og haustfundur var 31. ágúst á Akureyri. Lokafundur ársins var haldinn 27. nóvember gegnum fjarfundarbúnað milli Reykjavíkur, Akureyrar og Hóla í Hjaltadal.

Á aðalfundi RMF í apríl urðu nokkrar manna-breytingar á stjórn. Rektor Háskóla Íslands skipaði í stjórn dr. Guðrúnu Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Stofnunar Sæmundar fróða. Guðrún tók við sem formaður stjórnar af dr. Rögnvaldi Ólafssyni, fyrrverandi forstöðumanni Rannsóknasetra HÍ, sem hafði gegnt formennsku frá árinu 2010. Þá var Svanfríður Jónasdóttir skipuð í stjórn af rektor Háskólans á Akureyri í stað dr. Guðrúnar Rósu Þórsteinsdóttur, forstöðumanns RHA. Guðrún Rósa sat í stjórn RMF fyrir hönd Háskólans á Akureyri frá árinu 2008.



Ferðamenn svara könnun í Lystigarðinum á Akureyri
Mynd: Valeriya Posmitnaya

Árið hjá RMF í starfi og leik



Guðrún Þóra ásamt Ólöfu Ýrr Atladóttur og Albert Arias á RTD-13



Þórný í gagnasöfnun við skemmtiferðaskipin á Akureyri



Valerya Posmitnaya safnar svörum ferðamanna fyrir ferðavenjukönnun



Eyrún var í hópi þeirra sem stýrði undirbúningi RDT-13



Guðrún Þóra í myndatöku hjá kanadískri blaðakonu

Rannsóknaverkefni

Ferðavenjukönnun erlendra ferðamanna

RMF hefur í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Meginmarkmið verkefnisins er greining á ferðavenjum og útgjöldum erlendra ferðamanna á afmörkuðum svæðum þar sem upplýsinga er aflað með spurningakönnun yfir sumartímann. Í lok árs 2017 hefur ferðavenjukönnunin verið framkvæmd á ellefu áfangastöðum, þar af árlega á Húsavík og í Mývatnssveit. Sumarið 2017 var könnunin framkvæmd á Akureyri, Siglufirði, Húsavík, í Reykjavík, Borgarnesi og Mývatnssveit. Niðurstöðurnar voru birtar í Mælaborði ferðabjónustunnar í desember en örskýrslur fyrir hvern stað sem og fræðileg samanburðarskýrsla verða gefnar út vorið 2018.

Verkefnisstjórar eru Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fyrir hönd RMF og Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík en Lilja er jafnframt starfsmaður verkefnisins. Verkefnið var unnið með fjárstuðningi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR).



Lilja B. Rögnvaldsdóttir flutti erindi um kannanir á ferðavenjum og útgjöldum erlendra ferðamanna á Grand hóteli 4. maí
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Talningar ferðamanna: Dreifing eftir landsvæðum

Tilgangur verkefnisins er að meta fjölda ferðamanna á áfangastöðum víðs vegar um landið með því að telja bifreiðar sem koma á staðinn. Með því að vita hvaða áfangastaði ferðamenn heimsækja er hægt að greina betur dreifingu ferðamanna um landið, á milli áfangastaða og árstíðasveflu í dreifingu ferðamanna.

Talningarnar hófust í núverandi mynd árið 2009 í Skaftafelli í Vatnajökulsþjóðgarði og hefur talningar-



Við Gullfoss
Mynd: Michaël Bishop

stöðum í þjóðgarðinum fjölgað mikið síðan. Verkefnastyrktar talningar hófust síðan árið 2011 að Fjallabaki og síðan hafa margir teljarar bæst við víða um land. Árið 2015 var byrjað að telja við Hvítserk á Vatnssnesi og á þremur stöðum í Mývatnssveit fyrir tilstuðlan ANR og Landgræðslunnar. Talningarnar héldu áfram árið eftir með áframhaldandi fjárstuðningi ANR og við bættust Illugastaðir á Vatnssnesi, Heimskautsgerðið á Raufarhöfn ásamt fleiri talningastöðum á Vesturlandi og á Vestfjörðum. Sumarið 2017 var bætt við fjórum teljurum; á sunnanverðum Kili, við Reykjadal í Hveragerði, við Reynisfjöru og Seljalandsfoss. Frá árinu 2015 hefur verkefnið verið unnið með fjárstuðningi frá ANR. Skýrslur með niðurstöðum talninganna eru væntanlegar í upphafi árs 2018, annars vegar á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs og hins vegar á vegum ANR.

Verkefnisstjórar eru Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fyrir hönd RMF, dr. Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, doktorsnemi í ferðamálafræði við Háskóla Íslands en Rögnvaldur og Gyða eru jafnframt starfsmenn verkefnisins.



Ferðamenn við Gullfoss
Michaël Bishop

Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu

Haustið 2014 stóð Ferðamálastofa fyrir könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu í samstarfi við RMF og Háskólann á Hólum.

Fyrri hluta ársins 2017 hófst undirbúningur fyrir framhaldskönnun en markmiðið var að kanna viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu og ferðafólks á Íslandi um haustið og hvort einhverjar breytingar á viðhorfum landsmanna hafi átt sér stað frá síðustu könnun á landsvísu 2014.

RMF kallaði saman rýnihóp sem hafði það hlutverk að fjalla gagnrýnið um spurningalistann frá árinu 2014 og skilaði hópurinn greinargerð með nýjum spurningalista og rannsóknaráætlun til Stjórnstöðvar ferðamála. Gagnaöflun fór fram á tímabilinu september til nóvember 2017. Stuttar samantekir niðurstaðna ásamt greiningu fyrir hvern landshluta og fræðileg samanburðarskýrsla verða gefnar út snemma árs 2018. Verkefnið er unnið með fjárstuðningi frá ANR.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir stýrir verkefninu. Í rýnihópi sátu fulltrúar frá Ferðamálastofu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Háskólanum á Hólum og Háskóla Íslands. Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri veitti ráðgjöf við spurningalistann. Gagnaöflun var í höndum RHA.

Áhrif á samfélagið áþreifanlegri í minni samfélögum

Ferðamenska og ferðaþjónusta geta sett mark sitt á samfélag heimamanna en töluverður munur getur verið á því hvaða áhrifaþættir veiga mest á hverjum stað sem og milli staða.

Síðustu þrjú ár hefur RMF kannað viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Niðurstöðurnar benda til þess að landsmenn búi að miklu leyti við nærveru ferðamanna en heilt yfir telja þeir fjölda ferðamanna vera hæfilegan. Hins vegar hefur dregið úr ánægju landsmanna með samskipti við ferðamenn þó svo ferðamenn virðist almennt ekki valda landsmönnum miklu ónæði. Í minni samfélögum verða áhrif ferðamanna áþreifanlegri og geta heimamenn fundið meira fyrir ónæði þó svo ferðamennirnir hafi jákvæð áhrif á lífsgæði heimamanna.

Markhópagreining fyrir íslenska ferðaþjónustu

Í október 2016 fól ANR Íslandsstofu að greina hvaða markhópar þyki hvað ákjósanlegastir fyrir íslenska ferðaþjónustu. Rannsakaðir voru 14.000 ferðamenn á sjö markaðssvæðum; Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Sviss og Danmörku. Ferðamennirnir voru aðgreindir í hópa



Dr. Rannveig Ólafsdóttir, prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands ásamt nokkrum gesta ráðstefnunnar RTD-13 sem haldin var á Íslandi í september
Mynd: Michaël Bishop



*Skemmtiferðaskip í höfn á Akureyri
Mynd: Þórný Barðadóttir*

út frá lífsháttum, persónugerð, neyslu, ferðagildum og hvernig þeir mæta þörfum og markmiðum íslenskrar ferðaþjónustu.

Verkefnið var unnið í samstarfi Íslandsstofu, RMF, Háskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri en á árunum 2015-16 vann hópurinn ítarlega aðferðafræðigreiningu þar sem grunnur var lagður að viðmiðum til að skilgreina markhópa út frá lífsstíl og félagshópum. Verkefninu lauk í október 2017 með skýrslu útgefinni af Íslandsstofu.

Edward. H. Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir tóku þátt í verkefninu fyrir hönd RMF og Háskólans á Akureyri.

Móttaka skemmtiferðaskipa

Á árinu stóð RMF fyrir viðtalsrannsókn meðal hagsmunaaðila móttöku og þjónustu við skemmtiferðaskip þar sem leitað var reynslu þeirra og upplifunar, auk sýnar á tækifæri, áskoranir, ávinning og stöðu verkferla og stefnumótunar um umferð skipanna hérlendis. Til rannsóknar á móttöku og þjónustu við skemmtiferðaskip í héraði, var afmarkað rannsóknasvæði á Norðurlandi sem náði frá Fjallabyggð í vestri til Norðurþings í austri. Þar var rætt við fulltrúa hafna, sveitarfélaga og ferðaþjónustu. Að auki var rætt við fulltrúa skipaumboða, ferðaheildsala og hagsmunasamtaka sem svöruðu fyrir aðstæður á landsvísi. Skýrsla með niðurstöðum rannsóknarinnar kom út í desember 2017.

Þóla á milli? Samanburðarrannsókn

Framhaldsverkefni þar sem niðurstöður viðtala við hagsmunaaðila skemmtiferðaskipa eru bornar

saman við niðurstöður sambærilegrar viðtalsrannsóknar sem framkvæmd var meðal móttöku- og þjónustuaðila skemmtiferðaskipa á Nýja-Sjálandi. Skoðuð eru líkindi og það sem ólíkt er í aðstæðum landanna tveggja, upplifun þeirra og sýn á greinina. Unnið er að útgáfu sameiginlegrar fræðigreinar sem stefnt er að birta árið 2018.

Þórný Barðadóttir fer með umsjón og framkvæmd rannsóknarinnar í samvinnu við dr. Tracy Harkison, Auckland University of Technology.

Skemmtiskip: Samvinna móttökuaðila góð – ákvarðanatáka á fárra hendi

Þjónustuaðilar skemmtiferðaskipa sjá almennt góða tekjumöguleika tengda komum skipanna hingað til lands. Góð samvinna ríkir meðal þjónustuaðila en ákvarðanatáka er þung í vöfum og hver aðili hefur takmörkuð úrræði til áhrifa á komur skipa. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu RMF um niðurstöður viðtalsrannsóknar um móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi, sem kom út í árslok 2017.

Niðurstöðurnar sýna einnig að komum skemmtiferðaskipa fylgja ýmsar áskoranir. Óvissa ríkir um hvernig takast skuli á við landtöku leiðangursskipa utan hafna. Komum stórra skipa eða jafnvel margra skipa á sama tíma fylgja áskoranir varðandi þjónustugetu, truflun annarrar starfsemi, álag á heimsóknasvæði og innviði. Þá leiðir rannsóknin í ljós að í reynd koma sárafáir aðilar að eiginlegum ákvörðunum um komur skipa og að þjónustuaðilar upplifa ekki að þeir geti haft mikil áhrif þar á. Þá kom fram að þó þjónustuaðilar kjósi ekki að greinin verði háð ákvörðunum æðra stjórnvalds um komur einstaka skipa kalla þeir eftir skýrari leikreglum um umferð og heimsóknir skemmtiferðaskipa almennt.

Ferðahegðun farþega skemmtiferðaskipa – frumrannsókn

Forkönnun meðal farþega skemmtiferðaskipa sem sóttu Akureyri heim síðsumars 2017. Spurningalistar voru lagðir fyrir farþegana fyrir brottför skipanna. Spurt var um ferðahegðun farþega, útgjaldaliði, ákvörðunar- og innkaupaferla auk ánægju farþega eða óánægju með ferð og heimsóknastað.

Meginmarkmið frumrannsóknarinnar var að kanna möguleika aðferðarinnar og sjá hvort farþegar væru annars vegar fánlegir og hins vegar hefðu tíma til að svara slíkum spurningalistum. Niðurstöður framkvæmdaþáttar rannsóknarinnar eru að vel gekk að ná til farþega og að svörin var góð. Stefnt er að framhaldi rannsóknar sumarið 2018 í fleiri höfnum.

Þórný Barðadóttir fer með umsjón og framkvæmd verkefnisins.



Ferðamenn svara könnun á Akureyri
Mynd: Þórný Barðadóttir

Skemmtiferðaskip og sjálfbærni - undirbúningsverkefni

Undirbúningur rannsóknar á umhverfisfótspori og sjálfbærnihugsun rekstraraðila skemmtiferðaskipa sem ferðast um norðurslóðir. Stefnt er að framkvæmd rannsóknar þar sem horft verður til þess hvernig sjálfbærnihugsun birtist í annars vegar eigin verklagsreglum skipafélaga og einstakra skipa og hins vegar í framkvæmd þeirra. Um tilviksrannsókn verður að ræða, þar sem horft verður til matarinnkaupa og umbúðanotkunar, framleiðslu og framreiðslu, flokkunar og losunar matarúrgangs. Stefnt er að því að verkefnið verði samvinnuverkefni á norðurslóðum og leitað verður samstarfsaðila á Íslandi, Norður-Noregi, Grænlandi, Rússlandi og Kanada. Undirbúningsverkefnið hlaut styrk norður-



Á Akureyri
Mynd: Þórný Barðadóttir

Rannsóknir RMF á íslenskum ferðaþjónustureikningum nýtast á alþjóðavettvangi

Í júní 2017 kom út skýrsla um aðferðir við kerfisbundna söfnun hagrænna gagna í ferðaþjónustu á svæðisbundna vísu. Skýrslan var unnin af INRouTe-samstarfsnetinu (e. International Network on Regional Economics, Mobility and Tourism) fyrir Alþjóðaferðamálastofnunina (UNWTO). Skýrslan er afrakstur sex ára vinnu sem hófst árið 2008 þegar Hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna fór fram á það við UNWTO að settar yrðu fram alþjóðlegar leiðbeiningar um gagnaöflun í ferðamennsku á svæðisbundna vísu. Farið var fram á að tekið yrði tillit til tölfræðilegra grunngagna fyrir ferðaþjónustu, ferðaþjónustureikninga og greiningu á ferðaþjónustu í svæðisbundnum hagtölum. Skýrslan var kynnt á sjöttu alþjóðlegu ráðstefnu UNWTO í júní á Filippseyjum sem bar yfirskriftina: *Mælingar á sjálfbærri ferðamennsku*.

Meðal gagna sem lágu til grundvallar vinnu INRouTe-samstarfsnetsins eru íslenskir ferðaþjónustureikningar sem RMF og Hagstofan unnu á árunum 2013-2015. Dr. Cristi Frent, þáverandi sérfræðingur hjá RMF, vann reikningana fyrir árin 2009 til og með 2013 með tilliti til alþjóðlegra staðla í ferðaþjónustutölfræði og ferðaþjónustureikningum. Tilgangur reikninganna var að meta áhrif ferðaþjónustu á íslenskan efnahag á þessum árum.

slóðafræða (e. Arctic Studies) til nánari útfærslu og afmörkunar samvinnuaðila.

Þórný Barðadóttir stýrir þætti RMF í verkefninu sem unnið er í samvinnu við Dr. Hin Hoarau Heemstra, Nord Universitet, Noregi.

Yndisævintýri (Slow Adventure Tourism / SAINT)

Markmið verkefnisins er að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „yndisævintýri“ (e. slow adventure) á norðurslóðum og hvað einkenni þessar ferðir. Með því að búa til skilgreiningu fyrirtækja sem bjóða yndisævintýraferðir og bera kennsl á fyrirtæki sem bjóða slíkar ferðir og hvata þeirra voru gerðar leiðbeiningar um hvernig má skipuleggja ferðþjónustu með þessum hætti sem gæti þannig verið frekar í takt við umhverfi og náttúru.

Verkefnið byggir á samstarfi við stofnanir í Noregi og Skotlandi sem hófst haustið 2013, en vorið 2015 hlaut verkefnið þriggja ára styrk frá norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (e. Northern Periphery and Arctic Programme - NPP). Að auki hefur verkefnið hlotið styrk frá Norræna Atlantssamstarfinu (NORA). RMF er í samvinnu við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði um innlenda hluta verkefnisins. Verkefninu lýkur vorið 2018. Edward. H. Huijbens sinnir hluta RMF í verkefninu.



Kaldalón og Drangajökull
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir



Ferðamenn við Hraunfossa í Borgarfirði
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Viðhorf ferðamanna í flugi KEF-AK

Um er að ræða könnun á viðhorfum ferðamanna í beinu innanlandsflugi milli Keflavíkur og Akureyrar. Kannaður er hugur íbúa á Norðurlandi og ferðamanna sem hafa notað flugleið Air Iceland Connect milli Keflavíkur og Akureyrar í tengslum við utanlandsferðir og/eða ferðir til Íslands. Verkefnið er unnið í samstarfi RMF, Markaðsstofu Norðurlands, Air Iceland Connect og Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Áætluð verklok eru um mitt ár 2018.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir stýrir verkefninu.

Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna

Rannsókn sem fólst í því að meta áhrif Kröfluvirkjunar og tengdra mannvirkja á upplifun ferðamanna á svæðinu og bera saman við niðurstöður úr sambærilegri rannsókn sem fór fram á Blöndusvæðinu sumarið 2016. Þá voru niðurstöður kannanna sem voru gerðar sumarið 2015 á sjö svæðum á landinu einnig hafðar til hliðsjónar, en sú rannsókn beindist að svæðum sem voru til umfjöllunar í þriðja áfanga Rammaáætlunar (vernd og nýting orkusvæða). Rannsóknin er unnin fyrir Landsvirkjun en gert er ráð fyrir að henni ljúki með skýrslu fyrri hluta árs 2018.

Auður H Ingólfssdóttir sinnir verkefninu í samráði við Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur en umsjón með gagnaöflun hafði Valeriya Posmitnaya.

Ferðamenn í Eyjafirði hæfilega margir á sumrin samkvæmt Eyfirðingnum í hnotskurn


Flestir íbúar í Eyjafirði telja ferðamenn í þeirra heimabyggð vera hæfilega marga yfir sumartímann en heldur fáa á veturna. Annar hver íbúi telur ferðamenn vera hæfilega marga á haustin og á vorin. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýlegrar könnunar sem RMF gerði í samstarfi við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri á Eyjafjarðasvæðinu og nefnist Eyfirðingurinn í hnotskurn. Eyfirðingar voru spurðir hvað lýsti best viðhorfi þeirra til fjölda ferðafólks í þeirra heimabyggð eftir árstíðum. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að sex af hverjum tíu Eyfirðingum töldu ferðamenn vera hæfilega marga á sumrin en fjórða hverjum íbúa fannst fjöldinn vera of mikill. Lítil munur var á viðhorfum Eyfirðinga til fjölda ferðamanna á sumrin. Tæplega helmingur svarenda með búsetu norðan Glerár taldi ferðamenn vera hæfilega marga á veturna. Aftur á móti taldi meirihluti svarenda sunnan Glerár og í sveitarfélögunum út með Eyjafirði ferðamenn á veturna vera heldur fáa.

Verkefnið Eyfirðingurinn í hnotskurn var spurningavagn um viðhorf íbúa á svæðinu til ýmissa almennra samfélagslegra þátta s.s. viðhorfa til umhverfismála, opinberrar þjónustu, stöðu byggðar og almennrar þjónustu. Verkefnið var unnið í tilefni af 30 ára afmæli Háskólans á Akureyri. Könnunin var gerð á tímabilinu 1.-21. mars og svöruðu tæplega 1.400 manns.

Ferðamál á virkjanasvæði við Þeistareykjki

Könnuð voru áhrif virkjunarframkvæmda á Þeistareykjum á ferðamennsku. Gagnasöfnun var þrjúþætt og fólst í talningu bifreiða, spurningakönnun meðal ferðamanna og viðtalsrannsókn við hagsmunaaðila í ferðapjónustu. Rannsóknin kallaðist á við tvær fyrri rannsóknir RMF; viðtalsrannsókn við ferðapjónustuaðila á svæðinu, sem var unnin 2008 og rannsókn frá 2012 sem byggði á umferðartalningu og spurningakönnun. Rannsóknin var unnin fyrir Landsvirkjun og lauk verkefninu með skýrslu sem kom út í lok árs 2017.

Auður H Ingólfssdóttir var aðalhöfundur skýrslunnar, Valtýr Sigurbjarnarson sá um gagnasöfnun á vettvangi (spurningakönnun og viðtalsrannsókn) en Rögnvaldur Ólafsson sá um bifreiðartalningu og skrifaði þann hluta skýrslunnar ásamt Gyðu Þórhallsdóttur. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir leiddi verkefnið, veitti ráðgjöf og sá um verkstjórn.



Ferðamenn á Þingvöllum
Mynd: Michaël Bishop

Áhrif Svartárvirkjunar á ferðamennsku og útivist

Rannsókn unnin að beiðni Verkís hf. fyrir hönd SSB Orku, sem hluti af mati á umhverfisáhrifum virkjunar í Svartá í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Dregnar voru fram grunnupplýsingar um ferðapjónustu, ferðamennsku og útivist sem mögulega raskast vegna fyrirhugaðrar virkjunar og ályktað um möguleg áhrif Svartárvirkjunar á Bárðardal, Norðausturland og á Ísland sem áfangastað ferðamanna. Verkið byggði á fyrirbyggjandi gögnum og viðtölum við ferðapjónustuaðila, útivistarfolk og ferðamenn um upplifun og viðhorf þeirra til virkjana í vatnasviði Skjálfanda og annars staðar í náttúru Íslands. Verkefninu lauk með skýrslu í janúar 2017.

Gunnþóra Ólafsdóttir stýrði verkefninu og vann það í samvinnu við Hjalta Jóhannesson, sérfræðing hjá RHA og Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur.



Á Þingvöllum
Mynd: Michaël Bishop

Ráðstefnur og viðburðir

Innovating Experiences: The Case of Nordic Whale-Watching

4. apríl í Háskólanum á Akureyri

Málstofa Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Í málstofunni flutti dr. Hin Hoarau Heemstra erindi um þátt nýsköpunar í ferðaþjónustu í tengslum við hvalaskoðun á norrænum slóðum. Dr. Heemstra rannsakaði sérstaklega nýsköpun í hvalaskoðunar-fyrirtækjum í Noregi og á Íslandi í doktorsnámi sínu sem hún lauk árið 2015. Auk þess að kynna helstu niðurstöður þess verkefnis ræddi dr. Heemstra um nýjar rannsóknir er lúta að sjálfbærni, vottun og nýsköpun í norrænni ferðaþjónustu. Dr. Heemstra starfar við Nord háskólann í Bodø, Noregi. Hún var gestur RMF og heimsótti í ferðinni m.a. Háskólann á Hólum.



Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur RMF, og Edward Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri, í Viðeyjarferjunni á Rannsóknadegi RMF
Mynd: Þórný Barðadóttir

Rannsóknadagur RMF

17. maí í Viðey

Rannsóknadagur RMF er helgaður rannsóknum í ferðamálum og er vettvangur fyrir doktorsnema, sem eru að rannsaka ferðamál á Íslandi, og leiðbeinendaa til að hittast og bera saman bækur sínar í lokuðum og faglegum hópi. Þetta var í fimmta

sinn sem RMF stendur fyrir slíkum viðburði. Að þessu sinni kynntu fimm doktorsnema sín verkefni. Þegar upp var staðið fengu doktorsnemarnir gagnleg álit og ráðleggingar frá þátttakendum, auk þess sem áhugaverðar umræður sköpuðust, á stundum langt umfram eiginlegt efni rannsóknaverkefna.



Doktorsnema, leiðbeinendur þeirra og sérfræðingar á Rannsóknadegi RMF þ. 17. maí í Viðeyjarstofu
Mynd: Þórný Barðadóttir

Málþing um ábyrgð og vöxt ferðamennsku (RTD-13)

29.-30. september í Reykjavík

RMF, Námsbraut í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og Háskólinn í Plymouth héldu alþjóðlegt málþing um mismunandi leiðir til að takast á við mikinn vöxt í ferðamennsku. Yfirskrift málþingsins var *Tackling Overtourism: Local Responses*.

Markmið málþingsins var að auka þekkingu og skilning á hugtaki „overtourism“, hvernig mætti fyrirbyggja að það ástand sem leiðir til offjölgunar ferðamanna skapist á einstaka stöðum og að kanna leiðir til inngrípa sem tryggja sjálfbæra þróun ferðamennsku á stöðum þar sem fjöldi ferðamanna og umfang ferðaþjónustunnar hefur orðið of mikið.

Þátttakendur málþingsins voru fjölbreyttur hópur en þar mátti finna m.a. fræðimenn, ferðaskipuleggjendur, skipuleggjendur áfangastaða, og fulltrúa sveitarfélaga, ráðuneyta og stoðkerfis ferðaþjónustu. Tuttugu erindi voru flutt í sex málsstofum þar sem fjallað var um „overtourism“ út frá mismunandi sjónarhornum. Ein málstofan fjallaði sérstaklega um ferðamennsku í Barselóna og hvernig yfirvöld þar hafa tekist á við þau vandamál

Hvað er „overtourism“?

Hugtakið „overtourism“ er tiltölulega nýtt í heimi ferðamálafræðinnar og hefur enn ekki fengið íslenskt heiti. Hugtakið lýsir því ástandi sem verður til á áfangastöðum þar sem heimamenn og/eða ferðamenn upplifa sig aðþrengda vegna of margra ferðamanna. Slíkt ástand leiðir að lokum til þverrandi lífsgæða íbúa og/eða rýrir gæði upplifunar ferðamanna þar sem álag vegna ferðamennsku er komið langt yfir þolmörk áfangastaðarins. „Overtourism“ er andstæða við hugtakið um ábyrga ferðamennsku þar sem áherslan er lögð á að nota ferðaþjónustu til að byggja upp öflugra og betra samfélag. Á þann hátt er unnt að nota ferðamennsku sem tæki til þess að gera staði betri til búsetu fyrir heimamenn og betri heim að sækja fyrir ferðamenn.

sem þar hafa skapast vegna ágangs ferðamanna í borginni. Einnig fóru fram pallborðsumræður um það hvaða lærdóm Íslendingar geti dregið af þróun mála í Barselóna. Málstofan og pallborðið voru vel sótt en þessir viðburðir voru einnig í beinu streymi gegnum Facebook.

Á málþinginu undirrituðu Háskóli Íslands, RMF og Háskólinn í Plymouth viljayfirlýsingu um samstarf á sviði rannsókna. Markmið samstarfsins er einkum



Þátttakendur málþingsins RTD-13 á Bríartorgi, minningarreit um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur á horni Þingholtsstrætis og Amtmannstígs

Mynd: Michaël Bishop



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, Anna Dóra Sæþórsdóttir, deildarforseti líf- og umhverfisdeilda Háskóla Íslands og John Swarbrooke, prófessor við Háskólann í Plymouth undirrituðu viljayfirlýsingar um rannsóknasamstarf
Mynd: Michaël Bishop

að stuðla að eflingu rannsókna á áhrifum ferðaþjónustu frá ýmsum sjónarhornum.

Í lok málþingsins var lagður grunnur að stofnun fjögurra rannsóknahópa sem varða ferðamennsku á friðlýstum svæðum, samfélagsleg áhrif ferða-

mennsku og ferðaþjónustu, vinnuafli ferðaþjónustu og aðferðir og leiðir við að meta áhrif fjöldaferðamennsku. RMF heldur utan um vinnu þessara hópa.

Málþingið var hluti af alþjóðlegri ráðstefnuröð um ábyrga ferðamennsku á áfangastöðum (e. International Conference on Responsible Tourism in Destinations). Samtök um ábyrga ferðamennsku (e. Responsible Tourism Partnership) standa að ráðstefnuröðinni og var þetta sú 13. í röðinni. Samtökin voru stofnuð árið 2002 og sama ár var fyrsta ráðstefnan haldin í Höfðaborg, Suður-Afríku. Á þeirri ráðstefnu var í fyrsta sinn undirrituð yfirlýsing um skilgreiningu á ábyrgri ferðaþjónustu. Ráðstefnan hefur verið haldin víða um heim þ.m.t. Indlandi, Óman, Bretlandi, Kanada, Finnlandi og nú síðast á Íslandi. Málþingi tengd ábyrgri ferðaþjónustu eru ætíð í brennidepli á ráðstefnunum. Fyrirhugað er að næsta ráðstefna verði haldin 2018 í Plymouth á Englandi þar sem sérstök áhersla verður lögð á náttúru og umhverfi ferðamennsku. RTD-13 var haldin með stuðningi frá Reykjavíkurborg og ANR.



Dr. Harold Goodwin, prófessor emeritus við Manchester Metropolitan University, framkvæmdstjóri Samtaka um ábyrga ferðamennsku og stofnandi ráðstefnuraðarinnar um ábyrga ferðamennsku
Mynd: Michaël Bishop



*Pátttakendur pallborðs RMF á Hringborði norðurlóða. Fv: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Jessica Shadian, Auður H Ingólfsdóttir, Frigg Jørgensen, Shannon Jenkins, Sergey Shirokiy, Wilfred Richard og Nathan Reigner
Mynd: Rebecca Pincus*

Málstofa á Hringborði norðurlóða um stjórnun ferðamála á haf- og strandsvæðum

13. október í Hörpu

RMF stóð fyrir málstofu um stjórnun ferðapjónustu á haf- og strandsvæðum á árlegu Hringborði norðurlóða (Arctic Circle) sem haldið var 13.-15. október í Hörpu. Markmið málstofunnar var að ná saman fulltrúum atvinnugreinarinnar, opinberra aðila og rannsóknasamfélagsins til að ræða saman og draga fram styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir sem ferðapjónusta stendur frammi fyrir á norðurlóðum. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, og Nathan Reigner, ráðgjafi hjá Recreation and Tourism Science, stýrðu málstofunni. Pátttakendur voru Auður H Ingólfsdóttir, sérfræðingur RMF, Frigg Jørgensen, framkvæmdastjóri Association of Arctic Expedition Cruise Operators, Jessica Shadian, framkvæmdastjóri Arctic 360, Shannon Jenkins, US Coast Guard Senior Arctic Policy Advisor, Sergey Shirokiy, varaformaður fyrir Northern Eurasia of IUCN's World Commission on Protected Areas og Wilfred Richard, sérfræðingur hjá Uummannaq Polar Institute og Smithsonian National Museum of Natural History's Arctic Studies Center.

Þjóðarspegillinn XVIII

3. nóvember í Háskóla Íslands

Venju samkvæmt tók RMF þátt í Þjóðarspegilinum 2017, árlegri ráðstefnu í félagsvísindum. RMF stóð fyrir fjórum málstofum sem allar voru vel sóttar. Tvær þeirra höfðu yfirskriftina *Ferðapjónusta í byggðum landsins: Viðhorf og innsýn* en þar voru flutt átta erindi um yfirstandandi rannsóknir í ferðamálum á Íslandi. Má þar nefna rannsóknir á dreifingu ferðamanna um landið, félags- og menningarlegum áhrifum ferðamennsku, móttöku skemmtiferðaskipa, markhópagreiningu íslenskrar ferðapjónustu, viðhorfum ferðamanna til náttúruskoðunarstaða á Íslandi og framlagi leiðsögumanna til náttúruverndar.

Þjóðarspegillinn: Ráðstefna í félagsvísindum

Þjóðarspegillinn er haldinn á hverju hausti við Háskóla Íslands. Ráðstefnunni er ætlað að kynna og miðla því sem efst er á baugi í rannsóknum á sviði félagsvísinda á Íslandi. Ráðstefnan var haldin í 18. sinn og í ár voru fluttir um það bil 180 fyrirlestrar í 56 málstofum, þar af fjórar á vegum RMF.

Ráðstefnurit Þjóðarspegilsins er að finna í rafrænum aðgangi á www.skemman.is

Hinar málstofurnar tvær voru skipulagðar í samstarfi við Land- og ferðamálafræðistofu Háskóla Íslands og höfðu yfirskriftina *Hvað er ferðamálafræði? Viðfangsefni, aðferðir og vísindaleg sýn*. Í málstofunum voru flutt átta erindi sem fjölluðu um stefnur og strauma í ferðamálafræði samtímans, tengingar milli fræðigreina og hvað felst í því að ferðast eða stunda ferðabjónustu. Sjónarhorn og nálganir voru fjölbreytt s.s. úr viðskiptafræði, landfræði, mannfræði og heimspeki.



Frá einni af málstofum RMF á Þjóðarspegli
Mynd. Þórný Barðadóttir

Erindi flutt í málstofum RMF á Þjóðarspegli

Hvað er ferðamálafræði?

Viðfangsefni, aðferðir og vísindaleg sýn

Þórhallur Guðlaugsson

Tengsl ferðamálafræði við markaðsfræði

Magnús Haukur Ásgeirsson

Arfur eða arður - Tenging við menningu

Brynjar Þór Þorsteinsson og Magnús Haukur Ásgeirsson

Rannsóknir í markaðsfræði á sviði ferðabjónustu á Íslandi: Eiga markaðsfræði og ferðamálafræði samleið?

Edward H. Huijbens

Rannsóknir í ferðamálum - Á mörkum fræða og bjónustu

Katrín Anna Lund

Ljóðræna ferðamennskunnar: Iðkun skapandi veruleika

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

Fegurðin og ferðamálafræðin

Gunnþóra Ólafsdóttir

Hugsað út fyrir kassann: Er samvinna félags- og lífvísinda vænleg leið fyrir nýsköpun þekkingar á ferðamennsku og ferðabjónustu?

Gunnar Þór Jóhannesson

Ferðamálafræði sem samvinna? Sköpun þekkingar og gildi hennar

Ferðabjónusta í byggðum landsins:

Viðhorf og innsýn

Gyða Þórhallsdóttir

Dreifing ferðamanna um byggðir landsins

Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Erlendir gestir á einstökum svæðum

Eyrún J. Bjarnadóttir

Hamingja eða harmur? Félags- og menningarleg áhrif ferðabjónustu og ferðamennsku á Íslandi

Þórný Barðadóttir

Af hópum og hálfopnum dyrum: Viðtalsrannsókn um móttöku skemmtiferðaskipa

Anna Vilborg Einarsdóttir

Hlutverk leiðsögumanna og framlag til náttúruverndar

Brynjar Þór Þorsteinsson, Einar Svansson og Kári Joensen

Markhópagreining íslenskrar ferðabjónustu - Norðlægar slóðir, ferðalög utan háannar og lengd ferðar

Amy Savener

Tourists as Explorers and Vikings

Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Anna Dóra Sæþórsdóttir

Þolmörk vinsælla ferðamannastaða á Suður- og Vesturlandi eftir árstíðum

Rannsóknasamstarf

Ábyrg stjórnun ferðamennsku á norðurlóðum - ReSea

RMF hélt áfram þátttöku í þróun þverfaglegs rannsóknanets vísindafólks í sjávarlíffræði, mannvistarlandfræði og ferðamálafræði í tengslum við verkefnið Sustainable Tourism and Responsible Practices of Arctic Coastal Communities and Seascapes (ReSea). Árið 2016 hlaut hópurinn styrk úr Arctic Studies áætluninni til að kosta undirbúningsvinnu sem leiddi til tveggja umsókna árið 2017: Umsókn til Nordforsk og umsókn í rannsóknasjóð Rannís. Hvorug umsóknanna leiddi til styrks en báðar hlutu þær góða umsögn, sem er hvatning til áframhaldandi samstarfs og umsókna.

Gunnþóra Ólafsdóttir sinni verkefninu fyrir hönd RMF til 1. september, þegar Auður H Ingólfssdóttir tók við því hlutverki en Jessica Faustini Aquino, sérfræðingur hjá Selasetri Íslands og lektor við Ferðamálaeild Háskólans á Hólum, er verkefnastjóri.

Norrænt rannsóknanet um skemmtiskiparannsóknir (Nordic Cruise Researchers Network):

RMF tók þátt í stofnun samstarfsnets fræðimanna sem beina rannsóknum sínum að umferð og heimsóknum skemmtiferðaskipa í norðri. Stofnfundur samtakanna var haldinn um fjárfund síðla árs 2017 að undirlagi RMF annars vegar og Norlandsforskning í Noregi hins vegar. Í árslok 2017 höfðu fræðimenn frá á þriðja tug háskóla og rannsóknastofnana í 12 löndum skráð sig til þátttöku í rannsóknanetinu.

Eitt fyrsta verk netsins var að skipuleggja málstofu á ráðstefnunni Nordic Symposium on Tourism and Hospitality sem fram fer í Alta, Noregi haustið 2018. Efnistösk málstofunnar verður sjálfbærni í siglingum og heimsóknum farþegaskipa í höfum og vötnum Norðurlanda.

Þórný Barðadóttir stýrir hluta RMF í samstarfinu, en helsti samstarfsaðili við stofnun rannsóknanetsins er Kristína Sveld, sérfræðingur á Norlandsforskning í Bodø í Noregi.




Frá fyrsta fundi TNP-NORD
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

TNP-NORD

RMF stóð fyrir tveimur fundum á árinu með fræðimönnum í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum sem allir hafa tekið þátt í þolmarkarannsóknum og/eða rannsóknum á áhrifum orkumannvirkja á ferðaþjónustu og upplifun ferðamanna. Markmiðið var að ræða möguleika á samstarfi þar sem byggt yrði á þekkingu úr fyrri rannsóknum. Rannsóknarhópurinn ákvað að leggja áherslu á ferðamennsku í þjóðgörðum undir yfirskriftinni TNP-NORD (Tourism in National Park – New Opportunities in Regional Development?) og stefnir á þróu verkefni og sækja um í rannsóknarsjóðum árið 2018.

Verkefnastjóri TNP-NORD er Auður H Ingólfssdóttir.



Þórný Barðadóttir með erindi um skemmtiferðaskip
Mynd: Þórný Barðadóttir

Rannsóknahópar myndaðir í kjölfar RTD-13

Á alþjóðlegu málþingi um ábyrgð og vöxt ferðamennsku (RTD-13), sem fram fór í september í Reykjavík og RMF tók þátt í að skipuleggja, var lagður grunnur að stofnun fjögurra rannsóknahópa sem varða ferðamennsku á friðlýstum svæðum, samfélagsleg áhrif ferðamennsku, vinnuafli í ferðamennsku og verkfærakistu ferðaþjónustunnar.

Vinnuafli í ferðaþjónustu

Markmið samstarfshópsins er að bæta við og deila þekkingu um vinnuafli í ferðaþjónustu, en atvinnugreinin stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum sem hafa lítið verið rannsakaðar. Má þar nefna áhrif erlends vinnuafli á störf í ferðaþjónustu, tækifæri og væntingar til starfsframa í ferðaþjónustu, líðan starfsfólks í ferðaþjónustu og menntun og starfsþjálfun.

Fyrir hönd RMF tekur Guðrún Þóra Gunnarsdóttir þátt í mótun samstarfsins en Háskólinn í Plymouth leiðir hópinn. Auk þess taka þátt fræðimenn frá Háskóla Íslands og International Centre for Responsible Tourism, Finnlandi.

Verkfærakista ferðaþjónustunnar (e. Toolbox)

Markmið samstarfshópsins er að kanna hvernig hægt sé að setja saman skilvirka ferla, eins konar verkfærakistu, sem er ætluð hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu svo að hægt sé að nálgast viðfangsefni í ferðaþjónustu á sjálfbæran og ábyrgan hátt. JAMK University of Applied Sciences í Finnlandi leiðir vinnuna en auk þess taka þátt ferðaþjónustufyrirtæki, Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og Samtök um ábyrga ferðaþjónustu.



Dr. Harold Goodwin og Rannveig Ólafsdóttir á RDT-13
Mynd: Michaël Bishop

Ferðamennska á friðlýstum svæðum

Markmið samstarfshópsins er að kanna á breiðum grunni sambandið milli náttúru og of mikillar ferðamennsku. RMF hélt utan um vinnu hópsins til að byrja með en Háskóli Íslands leiðir vinnuna. Auk þess taka þátt Háskólinn á Hólum og University of Strathclyde í Skotlandi.

Samfélagsleg áhrif ferðamennsku

Markmið samstarfshópsins er að kanna hvort og þá hvernig samræma megi aðferðafræði og framkvæmd rannsókna á samfélagslegum áhrifum ferðamennsku þannig að niðurstöður rannsókna verði samanburðarhæfar milli svæða, bæði innan tiltekinnna landa og milli landa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir tekur þátt í samstarfinu fyrir hönd RMF en Visit Flanders í Belgíu og Copenhagen Business School í Danmörku leiða vinnuna. Auk þess taka Háskóli Íslands, Haga-Helia University of Applied Sciences í Finnlandi og Ostelea School of Hospitality and Tourism á Spáni þátt í samstarfinu.



Rannsóknahóparnir sem urðu til á RTD-13 að ræða málin
Mynd: Michaël Bishop

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF fyrir árið 2016 voru afhent við hátíðlega athöfn á ársfundi SAF í Hörpu þann 16. mars. Verðlaunin hlaut Jónína Lýðsdóttir fyrir meistaraverkefni sitt í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Verkefnið nefnist *Af skapandi ferðapjónustu í skapandi borg: Er Reykjavík með'etta?* Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðukona RMF og Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri SAF afhentu verðlaunin.

Jónína fjallaði um Reykjavík sem skapandi borg og áherslur á sköpun í tengslum við ferðapjónustu. Fræðileg úttekt leiddi í ljós að hugtökin sköpun og skapandi ferðapjónusta eru víða notuð í heiminum. Jónína komst að því að hugtökin virðist stundum meira notuð til skrauts í stað þess að lýsa raunverulegri stöðu.

Með innihaldsgreiningu á skýrslum um skipulag, menningu og ferðapjónustu í Reykjavík og viðtölum við borgarfulltrúa og sérfræðinga komst Jónína að því að skapandi ferðapjónusta geti virkað sem hreyfiafl fyrir skapandi borg. Af því ályktaði hún að ferðapjónustan skapi menningu sýnileika og geti komið menningu og menningararfleifð á framfæri. Breyttar áherslur, sem birtast m.a. í kröfum ferðamanna um merkingarbærar upplifanir, geti því skapað tækifæri til nýsköpunar.

Leiðbeinendur Jónínu voru dr. Gunnar Þór Jóhannesson og dr. Katrín Anna Lund prófessorar í ferðamálafræði við Háskóla Íslands.

Í umsögn dómnefndar segir:

Jónína er verðugur handhafi Lokaverkefnisverðlauna SAF og RMF fyrir árið 2016. Fræðilegur bakgrunnur ritgerðarinnar er sterkur og úrvinnsla rannsóknagagna er áhugaverð. Rökstuðningur Jónínu um það hvernig megi nota skapandi rými í borginni sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn og einnig til að gera borgina aðlaðandi fyrir heimamenn er vel unninn og athyglisverður. Ritgerðin er vel uppbyggð, innihaldsrík og athyglisvert framlag til nýsköpunar þekkingar í ferðapjónustu á Íslandi.

Dómnefnd skipaði María Guðmundsdóttir, fulltrúi SAF, Laufey Haraldsdóttir fulltrúi stjórnar RMF og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá RMF.



*Grimur Sæmundsen formaður SAF, Jónína Lýðsdóttir, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri SAF og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður RMF
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir*

Tíu verkefni voru tilnefnd í flokki lokaverkefna úr framhaldsnámi sem öll voru afburðagóð. Þrjú verkefni voru tilnefnd í flokki lokaverkefna úr grunnnámi en að mati dómnefndar uppfyllti ekkert þeirra nægilega skilyrði sem dómnefnd hafði til hliðsjónar en þar vó hvað þungst framlag verkefnisins til nýsköpunar um ferðamál og ferðapjónustu á Íslandi.

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF

Verðlaunin eru veitt árlega fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem unnið er af nemandi við háskóla á Íslandi. Tvenn verðlaun eru veitt:

- Ein verðlaun fyrir lokaverkefni úr framhaldsnámi til MS-gráðu eða MA-gráðu.
- Ein verðlaun fyrir lokaverkefni úr grunnnámi til BS-gráðu eða BA-gráðu.

RMF kallar eftir tilnefningum í janúar ár hvert fyrir verkefni sem voru metin til prófgráðu á árinu á undan. Forsenda tilnefninga er að verkefnið uppfylli ítrustu kröfur sem gerðar eru til rannsóknaritgerða á viðkomandi námsstigi og séu faglega unnin í hvívetna. Mat dómnefndar byggist á:

- Framlagi verkefnisins til nýsköpunar um ferðamál og ferðapjónustu á Íslandi
- Skýrleika markmiða og rannsóknarspurninga
- Dýpt efnistöku
- Gæða rannsóknarinnu og framsetningu niðurstaðna
- Uppbyggingu, málfari og frágangi verkefnis

Sjá nánar: <http://www.rmfi.is/is/um-rmf/verdlaun>

Útgefið efni

Ritryndar greinar

Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2017). A method to analyse seasonality in the distribution of tourists in Iceland. *Journal of Outdoor Recreation and Tourism*, 19, 17-24. <https://doi.org/10.1016/j.jort.2017.05.001>.

Ólafsdóttir, G., Cloke, P., Vögele, C. (2017). Place, green exercise and stress: An exploration of lived experience and restoration effects. *Health & Place*. 46, 358-365. <https://doi.org/10.1016/j.healthplace.2017.02.006>.

Skýrslur

Auður H Ingólfssdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Valtýr Sigurbjarnarson, Rögnvaldur Ólafsson and Gyða Þórhallsdóttir (2017). *Rannsókn á ferðamálum á virkjanasvæði við Þeistareyki. Niðurstöður spurningakönnunar og viðtalsrannsóknar sumarið 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Gunnþóra Ólafsdóttir, Hjalti Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017). *Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Þingeyjarsveit á ferðapjónustu og ferðamennsku/útvist. Unnið fyrir Verkís vegna mats á umhverfisáhrifum*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2017). *Dreifing ferðamanna um landið - Talningar ferðamanna á áfangastöðum*. Reykjavík: Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2017). *Erlendir gestir á Egilsstöðum sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2017). *Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2017). *Erlendir gestir á Seyðisfirði sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2017). *Erlendir gestir í Stykkishólmi sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2017). *Erlendir gestir á Ísafirði sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2017). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Þórný Barðadóttir (2017). „... það er bara, hver á að taka af skarið?“ *Móttaka skemmtiferðaskipa við Norðurland: niðurstöður viðtalsrannsóknar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.



Útskálar á Kópaskeri
Mynd: Þórný Barðadóttir

Fyrirlestrar og erindi

- Auður H Ingólfssdóttir (2017). *Global Change – Local Challenges*. Erindi á Arctic-Alps Conference: High Altitudes Meets High Latitudes: Globalizing Polar Issues. Crans Montana, Sviss, 11. september.
- Edward H. Huijbens (2017). *Skipin sem koma til Íslands. Tækifæri og áskoranir*. Erindi á Ráðstefnu um skemmtiferðaskip: Skemmtiferðaskip á réttri leið? Edinborgarhúsið, Ísafirði, 3.-4. apríl.
- Edward H. Huijbens (2017). *Gæði, gestrisni og ferðaþjónusta*. Erindi á málþingi Gæðastjórnunarfélags Norðurlands og Ferðamálastofu um gæðaál í ferðaþjónustu. Hof, Akureyri, 11. maí.
- Edward H. Huijbens (2017). *Gestakomur og öryggismál. Íslensk ferðaþjónusta og öryggi erlendra gesta*. Erindi á Landsþingi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Ípróttahöllin, Akureyri, 19. maí.
- Edward H. Huijbens (2017). *Tourism and the Anthropocene*. Erindi á 26th Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research 2017. Falun, Svíþjóð, 5.-6. október.
- Edward H. Huijbens (2017). *Iceland Tourism development and challenges. How to sustain a growing tourism industry?*. Boðserindi á Swedish Association of Local Authorities and Regions conference celebrating the publication of a national tourism policy for Sweden. Stokkhólmur, Svíþjóð, 7. desember.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir (2017). „Maður getur átt von á öllu mögulegu“. *Um áhrif ferðaþjónustu í einstökum samfélögum*. Erindi á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Þjóðminjasafnið, Reykjavík, 30. mars.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017). „OK, I’ll just have for dinner whatever they still have at the supermarket“. *Tourism impact in small Icelandic communities*. Erindi á 26th Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research 2017. Falun, Svíþjóð, 5.-6. október.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir (2017). „Ókei, ég kaup bara í matinn það sem er til“: *Um áhrif ferðaþjónustu í einstökum samfélögum*. Erindi á 11. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagsfræði – Mannöld. Höfn í Hornafirði, 13.-14. október.
- Eyrún J. Bjarnadóttir (2017). *Hamingja eða harmur? Félags- og menningarleg áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku á Íslandi*. Erindi á Þjóðarspegli XVIII – 2017, ráðstefnu í félagsvísindum. Háskóli Íslands, Reykjavík, 3. nóvember.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Undirbúningur spurningakönnunar á landsvísu 2017*. Erindi á fundi Stjórnstöðvar ferðamála um áreiðanleg gögn og kynning á verkefnum. Grand hótél, Reykjavík, 4. maí.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017). *Tourism, Place and Identity: Rural Tourism in Iceland and Prince Edward Island*. Opinn fyrirlestur á vegum Stofnunar í Eyjafræðum á Prins Edward eyju. Prins Edward eyja, Kanada, 24. maí.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017). *Travelling the Literary Landscape of Iceland*. Opinn fyrirlestur á vegum Vínlandsfélagsins á Prins Edward eyju. Prins Edward eyja, Kanada, 25. maí.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017). *Sjónarhorn heimamanna*. Erindi á málstofu um áhrif ferðaþjónustu í nærsamfélagi, haldið á Fundi fólksins. Hof, Akureyri, 8. september.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir (2017). *Tourism impact in small Icelandic communities: resident’s view*. Erindi á 11th North Atlantic Forum 2017. Bø, Noregi, 13.-16. september.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017). *Hefur ferðaþjónustan gleypst Ísland? Hugleiðingar um ferðaþjónustu og samfélag*. Erindi á Ferðamálaþingi 2017: Sjálfbærni – áskoranir á öld ferðalangsins. Harpa, Reykjavík, 4. október.
- Gunnþóra Ólafsdóttir, Paul Cloke, Elissa Epel, Jue Lin, Zoé van Dyck, Björg Þorleifsdóttir, Þór Eysteinnsson, Marta Guðjónsdóttir, Hans J. Beck, Arna E. Karlsdóttir, André Schulz, Elizabeth Cook,

- Joshua Cheon og Claus Vögele (2017). *Regluleg hreyfing í borgarnáttúru skilar heilsusamlegri útkomu en sama hreyfing í manngerðu umhverfi*. Erindi flutt á 18. ráðstefnunni í líf- og heilbrigðisvísindum. Háskóli Íslands, Reykjavík, 3.-4. janúar.
- Gunnþóra Ólafsdóttir (2017). *Heilsusamleg áhrif útivistar í borgarnáttúrunni*. Erindi í fundarröðinni Borgin – heimkynni okkar, um þróun og mótun borgarinnar. Kjarvalsstöðum, 17. janúar.
- Gunnþóra Ólafsdóttir, Paul Cloke og Claus Vögele (2017). *Landslag, útivist og streitulosun*. Erindi á Hugvísindapingi 2017. Háskóli Íslands, 11. mars.
- Gunnþóra Ólafsdóttir (2017). *Towards sustainable development of Icelandic tourism: How scientific knowledge about the nature of nature-based tourism can help to protect the natural resource*. Boðserindi haldið í málstofu fjármála- og efnahagsráðuneytis, Seðlabanka Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins: Hver er lykkillinn að sjálfbærri þróun ferðamannastaða á Íslandi?. Harpa, Reykjavík, 27. júní.
- Gyða Þórhallsdóttir (2017). *Ferðamenn - Hvert fara þeir?* Ársfundur Stofnunar Rannsóknasetra Háskóla Íslands, Þjóðminjasafninu, 30. mars.
- Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2017). *Ferðamenn eftir landsvæðum*. Erindi á fundi Stjórnstöðvar ferðamála um áreiðanleg gögn og kynning á verkefnum. Grand hótél, Reykjavík, 4. maí.
- Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2017). *Using smart devices to measure length of stay and travel routes*. Erindi á 26th Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research 2017. Falun, Svíþjóð, 5.-6. október.
- Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2017). *Fjöldi ferðamanna á Suðausturlandi*. Erindi á 11. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagsfræði – Mannöld. Höfn í Hornafirði, 13.-14. október.
- Gyða Þórhallsdóttir (2017). *Dreifing ferðamanna um byggðir landsins*. Erindi á Þjóðarspegli XVIII – 2017, ráðstefnu í félagsvísindum. Háskóli Íslands, Reykjavík, 3. nóvember.
- Laurie Brinklow og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. *Tourism, Place and Identity: Rural Tourism in Iceland and Prince Edward Island: Results of a dialogue at Different by Design – Exploring Innovation for Rural Prosperity*. Erindi flutt á CRRF-RPLC Rural Conference. Selkirk College, Nelson, British Columbia, 20.-23. september.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2017). *Erlendir gestir á Húsavík, Siglufirði, Höfn í Hornafirði og í Mývatnssveit sumarið 2015*. Súpufundur ferðaþjónustunnar á vegum Akureyrarstofu, Akureyri, 21. mars.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2017). *Hver var þetta og hvað vildi hann?*. Ársfundur Stofnunar Rannsóknasetra Háskóla Íslands, Þjóðminjasafninu, 30. mars.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2017). *Umsvif og áhrif ferðaþjónustu í byggðum landsins - útgjaldakannanir*. Erindi á fundi Stjórnstöðvar ferðamála um áreiðanleg gögn og kynning á verkefnum. Grand hótél, Reykjavík, 4. maí.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2017). *Erlendir gestir á einstökum svæðum*. Erindi á Þjóðarspegli XVIII – 2017, ráðstefnu í félagsvísindum. Háskóli Íslands, Reykjavík, 3. nóvember.
- Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir (2017). *Making a popular destination sustainable - Managing increased tourism in Iceland*. Erindi á 26th Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research 2017. Falun, Svíþjóð, 5.-6. október.
- Welling, J.T. (2017). *Dealing with Chaos in Icelandic Glacier Caves: Exploring a resilience approach to manage rapidly emerging tourist destinations*. Erindi á 13th International Conference on Responsible Tourism in Destinations: Tackling Overtourism – Local Responses. Reykjavík, 29.-30. september.
- Welling, J.T. (2017). *Chasing ice: Participatory scenario planning under scenarios of climate change and tourism growth in Southeast Iceland*. Erindi á 26th Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research 2017. Falun, Svíþjóð, 5.-6. október.
- Þórný Barðadóttir (2017). *Skemmtiferðaskip í hverja höfn?* Erindi á Ráðstefnu um skemmtiferðaskip: Skemmtiferðaskip á réttri leið? Edinborgarhúsið, Ísafirði, 3.-4. apríl.
- Þórný Barðadóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017). *Tourism Growth in the Arctic – the example of Iceland in headlines*. AECO/IAATO

Polar Field Staff Conference 2017. Hveragerði, 2. október.

Pórný Barðadóttir (2017). *Is a dock all they need? Cruise Ships in Northern Iceland*. Erindi á 26th Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research 2017. Falun, Svíþjóð, 5.-6. október.

Pórný Barðadóttir og Tracy Harkison (2017). *Are we poles apart? A north/south investigation into cruise ships tourism*. Erindi á 26th Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research 2017. Falun, Svíþjóð, 5.-6. október.

Pórný Barðadóttir (2017). *Af hópum og hálfopnum dyrum. Skemmtiferðaskip við Norðurland*. Erindi á Þjóðarspegli XVIII – 2017, ráðstefnu í félagsvísindum. Háskóli Íslands, Reykjavík, 3. nóvember. Pórný Barðadóttir (2017). *Umferð skemmtiferða-skipa við Norðurland*. Erindi á aðalfundi ferðafélagsins Norðurhjara. Þórshöfn, 4. desember.



Öxarárfoss
Mynd: Michaël Bishop



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA